



FRÆÐSLUNETIÐ
Símennnun á Suðurlandi
Lærum allt lífið

Ársskýrsla

2019

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Mannauður	4
Aðstaða	6
Fræðslustarfsemi á árinu	7
Námsráðgjöf og raunfærnimat	12
Þjónusta við fyrirtæki og stofnanir	14
Önnur starfsemi	16
Gæðastarf og stefnumótun	18
20 ára afmæli Fræðslunetsins	19

Inngangur

Starfsemin árið 2019, sem er tuttugusta starfsár Fræðslunetsins, var í flestu keimlík þeirri sem áður hefur verið, nema að því leitinu til að þetta var afmælisár. Fræðslunetið var 20 ára og minntist þess á ýmsan hátt á árinu.

Í þessari ársskýrslu er fjallað um helstu starfsþætti í starfinu og minnst á þær breytingar sem hafa átt sér stað. Framsetningin er lík þeirri sem verið hefur undanfarin ár; þ.e. lögð er áhersla á gagnorðan og stuttan texta ásamt töflum.

Árlega er ársreikningur og ársskýrsla send eigendum Fræðslunetsins, ríkisskattstjóra og Mennta- og menningarráðuneytinu. Þá er skýrslan aðgengileg almenningi á vefsvæði Fræðslunetsins; www.fraedslunet.is.

Umsjón og ábyrgð með ársskýrslu þessari hefur haft Eyjólfur Sturlaugsson framkvæmdastjóri.

Mannauður

Stjórn

Stjórn Fræðslunetsins breyttist á árinu 2019, þegar Samtök sunnlenskra sveitarfélaga skiptu um fulltrúa. Stjórnin er nú skipuð eftirtöldum fulltrúum eigenda:

- Sigursveinn Sigurðsson, formaður (kosinn af Fjölbrautaskóla Suðurlands)
- Laufey Ósk Magnúsdóttir, varaformaður (kosin af Atorku, félagi atvinnurekenda á Suðurlandi)
- Ása Valdís Árnadóttir (kosin af Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga)
- Magðalena Jónsdóttir (kosin af Sambandi sunnlenskra kvenna)
- Þór Hreinsson (kosinn af stéttarfélögum á Suðurlandi)

Stjórnin fundaði alls fimm sinnum á árinu og voru allir fundirnir á Selfossi. Fundargerðir funda má lesa á vefsvæði Fræðslunetsins á [bessari slóð](#).

Starfsmenn þann 01.12.19 að störfum

Engar starfsmannabreytingar urðu árið 2019 en breyting varð á stöðugildum, þar sem Sandra D. Gunnarsdóttir fór í launað námsleyfi, 50% frá 01.09.2019.

Eyjólfur Sturlaugsson	framkvæmdastjóri	100%
Steinunn Ó. Kolbeinsdóttir	verkefnastjóri/staðgengill framkv.st.	100%
Eydís K. Guðmundsdóttir	náms- og starfsráðgjöf/verkefnastjóri	100%
Lilja Össurardóttir	verkefnastjóri	100%
Dýrfinna Sigurjónsdóttir	verkefnastjóri	60%
Sædís Ösp Valdemarsdóttir	verkefnastjóri	100%
Oddný Gísladóttir	þjónustufulltrúi	100%
Sólveig Kristinsdóttir	náms- og starfsráðgjöf/verkefnastjóri	80%
Viktor Valur Carlsen	kvöldumsjón	45%
Sigríður E. Kristinsdóttir	þrif	30%
Áslaug Einarsdóttir	verkefnastjóri	50%
Sandra D Gunnarsdóttir	verkefnastjóri	50%

Samtals stöðugildi: **9,15**

Starfsmannahald

Frá og með 1. september fór Sandra D. Gunnarsdóttir í launað námsleyfi og var ákveðið að ráða ekki starfsmann inn í hennar stað, sökum þess að leyfið var stutt eða um sex mánuðir. Störfum þeim er Sandra hafði sinnt var komið á aðra starfsmenn og gekk sú tilfærsla vel.

Starfsmenn fóru í starfsþróunarviðtal hjá framkvæmdastjóra í febrúar og mars og haldnir voru alls fjórir starfsdagar þar sem allir starfsmenn mættu saman til stefnumótunar, greiningarvinnu og samráðs.

Starfsmannafundir voru haldnir að meðaltali þrisvar sinnum í mánuði á starfstíma Fræðslunetsins en voru á árinu styttrir úr 90 mínútum í 60 mínútur.

Endurmenntun

Starfsmenn Fræðslunetsins sinntu áfram því hlutverki á árinu 2019 að uppfæra þekkingu sína en afar rík hefð er fyrir virkri endurmenntun innan starfsmannahópsins.

Fulltrúar frá Fræðslunetinu fóru á flest þau málþing og ráðstefnur sem í boði voru fyrir fólk í fullorðinsfræðslu á Íslandi árið 2019. Þá fóru nokkrir starfsmenn erlendis í fræðslu- og samstarfsferðir í tengslum við verkefni sín og störf.

Verktakar í kennslu

Eins og áður var nánast öll kennsla og fræðsla Fræðslunetsins mönnum með verktökum. Alltaf var leitast við að ráða til kennslu kennaramenntað fólk við námsbrautir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og allt lengra nám. Við styttri námskeið eins og þau sem snúa að starfsþróun (núvitund, sjálfstyrking og fl.) voru valdir sérfræðingar á tilteknu sviði til kennslunnar.

Litlar breytingar eru á milli ára í hópi verktaka sem kenna fyrir Fræðslunetið. Margir kennarar í verktöku hafa unnið hjá Fræðslunetinu árum saman og eru fræðslumiðstöðinni afar dýrmætir.

Aðstaða

Húsnæði

Eitt af megin hlutverkum Fræðslunetsins er að þjóna öllu Suðurlandi. Landshlutinn er stór og enginn annar fræðsluaðili í framhaldsfræðslunni á landsvísu hefur jafnstórt þjónustusvæði. Til að geta sinnt fræðslustarfi í öllum landshlutanum hefur Fræðslunetið komið sér upp starfsstöðvum og námsverum auk þess að vera með samninga við aðila sem leigja húsnæði. Mannaðar starfsstöðvar Fræðslunetsins eru nú fjórar; á Selfossi, á Hvolsvelli, í Vík og á Höfn. Þá rekur Fræðslunetið tvö námsver til viðbótar; þ.e. á Hellu og á Kirkjubæjarklaustri.

Vinnuaðstaða nemenda og starfsmanna Fræðslunetsins í húsakynnum þess er almennt góð.

Á árinu kom betur í ljós að ekki er gott að nýta námsverið á Hellu til kennslu þar sem það er að hluta nýtt sem félagsmiðstöð hjá sveitarfélaginu Rangárpíngi ytra.

Búnaður

Endurnýjun á aðbúnaði starfsmanna hélt áfram og voru bæði keyptar nýjar fartölvur, skjáir og nýir skrifborðsstólar fyrir starfsfólkið. Nú eru flestir starfsmenn komnir með tvo skjái og nýlegar spjald- og fartölvur.

Ný og fullkomin ljósritunarvél var keypt fyrir aðstöðuna í Fjölheimum á árinu. Þá var tekið inn nýtt og fullkomið símkerfi sem hefur breytt möguleikum starfsmanna til samskipta.

Ekki var ráðist í nein umfangsmikil innkaup á búnaði fyrir námsmenn að þessu sinni.

Fræðslustarfsemi á árinu

Árið 2019 var rólegra í fræðslustarfseminni en árið á undan. Þess ber að geta að framlög Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins drógust lítillega saman milli árana 2018 og 2019 þannig að ekki var hægt fyrirfram að gera ráð fyrir vexti á því sviðinu.

Heildarfjöldi námsmanna

Ár	Fjöldi				Nemendastundir	Meðaltal Fjöldi í námsþópi
	Nám- skeið	Námsm. innritaðir	Námsm. útskrifaðir	Brott- fall		
2013	177	1.552			53.587	8,8
2014	167	1.584			52.226	9,5
2015	149	1.316			53.587	8,8
2016	100	1.140			53.295	11,4
2017	183	1.680			78.902	9,2
2018	135	1.439	1.285	10,7%	58.766	9,5
2019	118	1.261	1.143	8%	49.722	9,6

Sérstaka athygli vekur hversu heildarbrottfallið er lítið og kemur sá árangur í kjölfar markmiðssetningar frá árinu 2016. Brottfall hefur minnkað stöðugt síðan þá og heldur áfram að minnka.

Íslenska fyrir útlendinga

Að venju var kennsla í íslensku fyrir útlendinga umfangsmikil í starfseminni. Aðsókn að námskeiðum var góð eins og árið áður. Fræðslunetið notaði allan sinn styrk frá Rannís til íslenskukennslunnar. Styrkurinn dugði nokkuð vel til að verða við eftirspurn á Suðurlandi út árið. Námskeið voru haldin vítt og breitt um starfssvæðið. Íslenska fyrir útlendinga var í nokkrum tilvikum kennd á vinnustað.

Á árinu hætti einn reynslumesti og ástsælasti íslenskukennari Fræðslunetsins, Anna Linda Sigurðardóttir, eftir starf sem spannar nær tvo áratugi. Tveir kennarar í íslensku fyrir útlendinga eru innflytjendur sjálfir. Þetta eru kennarar sem hafa náð góðum tókum á íslensku og notfæra sér reynslu sína við að kenna öðrum innflytjendum.

Ár	Fjöldi					Meðaltal
	Nám- skeið	Námsm. útskrif.	Námsm. innrit.	Brott- fall	Nemenda stundir	Fjöldi í námshópi
2013	19	172				9,1
2014	27	271				10,0
2015	26	258				9,9
2016	25	272				10,9
2017	27	286				10,6
2018	33	376	430	12,6%	22.560	11,4
2019	30	336	386	11,8	22.329	11,2

Nokkuð minni aðsókn var í íslenskunámskeið en árið áður. Fræðslunetið náði að anna allri eftirspurn á úthlutuðu fé frá Rannís. Brottfall heldur áfram að minnka.

Námsbrautir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA)

Stærsta einstaka fjárveitingin til Fræðslunetsins á hverju ári tengist frammistöðu miðstöðvarinnar við kennslu viðurkenndra námsbrauta á vegum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Undanfarin fjögur ár hefur þróunin við framkvæmdina verið eftirfarandi:

Ár	Náms- brautir	Námsm. innrit	Námsm. ljúka	Brott- fall	Nemenda stundir
2016	12	224	185	17%	27.812
2017	10	252	204	19%	30.500
2018	13	197	184	9%	28.560
2019	10	145	136	6%	21.128

Undanfarin ár hefur Fræðslunetinu tekist að festa ákveðnar námsbrautir í sessi hjá sér; Leikskólaliðabraut, Félagsliðabraut og Menntastoðir. Þessar brautir eru alltaf í gangi og íbúar á Suðurlandi gera sér betur og betur grein fyrir að það er alltaf opin aðgangur að þessu námi hjá Fræðslunetinu. Til viðbótar við þennan námsbrautarkjarna er svo boðið upp á ýmiskonar nám sem tengist þeim markhópi framhaldsfræðslunnar sem er að finna á Suðurlandi. Námsbrautir sem kenndar voru á árinu 2019 eru eftirfarandi:

<i>Heiti námsbrauta</i>	<i>Kest.</i>	<i>Hófu nám</i>	<i>Luku námi</i>	<i>Brott fall</i>
Vor 2019				
<i>Fagnámskeið starfsfólks leikskóla</i>	210	10	8	20%
<i>Fagnámsk. fólks í umönnun fatlaðra</i>	246	10	10	0%
<i>Fagnámsk. fólks í umönnun fatlaðra</i>	246	10	9	10%
<i>*Félagliðabré</i>		13	13	0%
<i>*Leik- og stuðningsfulltrúabré</i>		18	18	0%
<i>*Menntastoðir</i>		19	19	0%
<i>Kvikmyndasmiðja</i>	120	12	10	16%
<i>Landnemaskólinn</i>	120	21	15	28%
Haust 2019				
<i>*Leik- og stuðningsfulltrúabré</i>		28	28	0%
<i>*Félagliðabré</i>		11	11	0%
<i>*Menntastoðir</i>		12	12	0%
<i>Hönnunar- og frumkvöðlasmiðja</i>	120	10	10	0%
<i>Grunnnámskeið fyrir fiskvinnslufólk</i>	75	13	11	15%
<i>Grunnnámskeið fyrir fiskvinnslufólk</i>	75	10	10	0%

**Sumir einstaklingar taka aðeins einn eða fleiri námsáfanga á brautinni, en ekki hana alla.*

Eins og sést á yfirlitinu þá er afar misjafnt eftir brautum hversu mikið brottfall er. Þar sem nemendur hafa núna tök á að koma inn á lengri námsbrautirnar á hvern námsáfanga fyrir sig er erfitt að reikna brottfall á þessum brautum, þar sem fjöldi í hvert skipti er misjafn við upphaf hvers nýs námsáfanga.

Símenntun fyrir fólk með fötlun

Námskeið fyrir fólk með fötlun er ríkur þáttur í starfsemi Fræðslunetsins. Námskeiðin eru haldin á Selfossi og á Höfn. Nokkuð jöfn ásókn er í námskeiðin og nær framboðið að sinna eftirspurn á svæðinu vel. Markhópurinn á Suðurlandi er að eldast og þarf hann því meiri stuðning, sem takmarkar nokkuð fjölda á hvert námskeið.

Þjónusta Fræðslunetsins í þessari fræðslu byggist á árlegu framlagi frá Fjölmenn til kennslunnar. Framlagið hefur ekki fylgt verðþróun undanfarinna ára og staðið í stað. Það hefur leitt til þess að framlagið dekkar tæplega lengur allan kostnað við námskeiðin og þau því orðin Fræðslunetinu dýrari en áður.

Ár	Fjöldi		Nemenda- stundir
	Námskeið	Nemendur	
2013	54	194	3.844
2014	44	153	2.386
2015	44	144	2.725
2016	39	135	2.523
2017	39	127	2.284
2018	41	145	2.279
2019	27	136	2.127

Undanfarin ár hafa verið litlar breytingar á umfangi þessa náms eins og sjá má í töflunni, þó má sjá að árið 2019 voru heldur færri námskeið en undanfarin ár, en nemendastundum heldur áfram að fækka lítilega frá ári til árs.

Endurhæfingar- og virkninámskeið

Undanfarin ár hafa ýmis námskeið ætluð einstaklingum, sem þurfa á ýmsum úrræðum á að halda til að verða virkir í samfélaginu, verið ríkur þáttur í starfsemi Fræðslunetsins. Fræðslunetið hefur staðið að hönnun slíkra námskeiða fyrir þjónustuþega frá Birtu starfsendurhæfingu Suðurlands, VIRK og Vinnumálastofnun. Þrátt fyrir gott atvinnuástand undanfarin ár hefur verið mikil þörf fyrir slík námskeið og eftirspurn því á uppleið fremur en hitt.

Ár	Fjöldi					Meðalt. Fjöldi í hópi
	Fjöldi námsk.	Námsm. innrit.	Námsm. útskrif.	Brott fall	Nem. - stundir	
2013	3	29				
2014	11	120				
2015	15	147				
2016	14	150				
2017	12	199				
2018	11	171	132	23%	2.884	12
2019	14	193	150	22	4.024	14

Einstaklingum á vegum ofangreindra aðila hefur einnig verið vísað í önnur námsúrræði á vegum Fræðslunetsins, eins og t.d. í smiðjur, sem er FA námsleið með viðurkennda námskrá og í íslensku fyrir útlendinga.

Fræðsla fyrir fyrirtæki

Frá 2017 hefur fræðsla fyrir fyrirtæki og stofnanir verið vaxandi þáttur í starfsemi Fræðslunetsins. Árið 2019 dró nokkuð úr fjölda námskeiða í fyrirtækjafræðslunni en nemendastundir eru þó fleiri en á síðastliðnu ári. Eftirfarandi námskeið voru haldin fyrir fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög á árinu:

Ár	Fjöldi námsk.	Námsm. innrit	Námsm. ljúka	Brottfall	Nemenda stundir
2018	38	489	441	9,8 %	28.560
2019	24	381	372	2 %	35.483

Athuga ber í ofangreindum tölum að sum námskeið eins og t.d. íslenskunámskeið fyrir útlendinga geta einnig fallið undir að vera námskeið fyrir fyrirtæki og eru ekki talin hér með, ef þau hafa verið kennd eftir námskrá. Þá eru sömu einstaklingar í einhverjum tilvikum að fá fleiri en eitt námskeið t.d. ef fyrirtæki er með fræðsluáætlun í gangi og óskar eftir meira en einu námskeiði á ári.

Önnur fræðsla

Fyrir utan áður nefnda flokka eru ekki mörg námskeið. Þar ber helst að telja stök skyndihjálparnámskeið, námskeið fyrir sjúkraliða sem á sér langa sögu í fræðslustarfsemi Fræðslunetsins og svo örfá tómsundanámskeið.

Námsráðgjöf og raunfærnimat

Námsráðgjöf

Námsráðgjöf var með svipuðum hætti og áður. Í kjölfar aukinnar þjónustu við fyrirtæki hefur verið boðið upp á kynningar á starfs- og námsráðgjöf á vinnustað. Viðtalafjöldi var á pari við árið 2018 og þriggja ára meðaltal það hæsta hingað til:

Ár	Ráðþegar	Meðaltal þriggja ára
2012	622	
2013	657	
2014	738	672
2015	417	604
2016	623	593
2017	739	593
2018	689	683
2019	690	706

Raunfærnimat

Raunfærnimat var ekki eins umfangsmikið á árinu og stundum áður og þurfti Fræðslunetið í fyrsta skipti að skila fé aftur til Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins í málaflokknum. Færa má fé til raunfærnimats milli ára samkvæmt samningi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og veldur það nokkrum sveiflum í árlegum samanburði.

Ár	Fjöldi		Meðaltal þriggja ára	
	Nemendur	Einingar	Nemendur	Einingar
2013	14	264		
2014	112	2.072		
2015	47	1.725	58	1.354
2016	77	2.434	79	2.077
2017	24	270	49	1.393
2018	61	3.408	53	2.037
2019	16	1.730	33	1.803

Hlutdeild raunfærnimats í rekstri og tekjum Fræðslunetsins hefur í gegnum árin verið meiri en hjá flestum öðrum fræðslumiðstöðvum og er þjónustan því eitt sérkenna starfseminnar.

Á árinu 2019 fór raunfærnimat eingöngu fram í matartækni, en raunfærnimati í fjallaleiðsögn í samvinnu við Framhaldsskólann í Austur Skaftafellsýslu varð að aflýsa vegna þess að ekki fengust þátttakendur.

Á árinu 2019 tók Fræðslunetið þátt í þróunarverkefni sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins leiddi og var um að ræða raunfærnimat á móti viðmiðum atvinnulífsins. Verkefnið hófst síðla árs hjá Sláturfélagi Suðurlands á Hvolsvelli og á því að ljúka árið 2020.

Þjónusta við fyrirtæki og stofnanir

Heimsóknir í fyrirtæki og stofnanir

Starfsfólk Fræðslunetsins heimsækir reglulega marga vinnustaði á Suðurlandi. Algengast er að heimsækja stærri fyrirtæki, ýmis ferðapjónustufyrirtæki, leikskóla, dvalarheimili og sambýli. Fræðslunetið gerði haustið 2017 samstarfssamning við Hæfnisetur ferðapjónustunnar. Í samningnum tekur Fræðslunetið þátt í þróunarverkefni, sem felst í því að árangursmeta þarfagreint nám hjá ferðapjónustuaðilum.

Ár	Heildarfjöldi heimsókna	Heimsóknir Hæfnisetrið	Samningar Hæfnisetrið
2018*		23	10
2019	54	18	3

*Nóvember og desember 2017 teljast hér með.

Ljóst er að ávinningur Fræðslunetsins af tíðum heimsóknum á vinnustaði er talsverður hvað varðar reynslu og þekkingu í þjónustu við atvinnulífið. Jafnframt þessu eykst fjöldi fyrirtækja með markvissar fræðsluáætlanir, sem Fræðslunetið hefur umsjón og framkvæmd með.

Fræðslustjóri að láni

Greining fræðsluþarfa hjá fyrirtækjum og stofnunum í gegnum verkefnið “Fræðslustjóri að láni” er annar анги fyrirtækjapjónustu. Um er að ræða samninga sem starfsmenntasjóðir gera við Fræðslunetið, sem fer sem verktaki, í umboði þeirra inn í fyrirtæki til að greina fræðsluþarfir og gera fræðsluáætlun.

Ár	Fjöldi samninga	Alls upph. samninga
2017	2	1.820.000
2018	6	6.895.400
2019	2	2.040.522

Árið 2019 urðu samningar færri en árið áður, en hluta ástæðunnar má rekja til þess að

umsýsla við fræðsluáætlanir frá fyrri árum var orðin nokkuð umfangsmikil og því ekki sóst stíft eftir fleiri samningum.

Notendaráð

Sameiginlegt svæðisráð um málefni fatlaðra í Árnes-, Rangárvalla- og Skaftafellssýslu fól Fræðslunetinu utanumhald um notendaráð fatlaðra á svæðinu. Um er ræða þjálfun og námskeiðshald fyrir meðlimi ráðsins auk þess að halda utan um fundi þess.

Á árinu 2019 bárust ráðinu nokkrar beiðnir vegna umsókna einstaklinga til sveitarfélaga á svæðinu um NPA (notendastýrða persónulega aðstoð). Samkvæmt lögum þarf ráðið að veita umsögn sína um hverja umsókn fyrir sig áður en gengið er frá henni.

Umsjón Fræðslunetsins með notendaráði er skemmtileg viðbót við starfsemi þess og undirstrikar það traust sem borið er til starfseminnar.

Önnur starfsemi

Vísindasjóður

Til úthlutunar 2019 úr sjóðnum var alls 1.500.000 kr. Úthlutað var til styrkja á rannsóknum til meistara- og doktorsgráðu og rannsóknarverkefnum fjalla, eins og áður, um sunnlensk fyrirbæri. Eins og áður var áhersla á að auglýsa með stafrænum hætti á samfélagsmiðlum.

Hefð er fyrir því að á hátíðarfundum sem haldinn er árlega af hálfu Vísindasjóðs, að forseti Íslands mæti og afhendi styrkina.

Erlent samstarf

Ekkert erlent samstarf var í gangi árið 2019 og þótt nokkuð sé um að Fræðslunetinu sé boðin þátttaka í slíkum verkefnum hefur forgangsröðun á tíma starfsfólks verið með þeim hætti að slíkri samvinnu var hafnað þetta árið.

Þróunarstarf

Vinna við þróunarverkefni var nokkur árið 2019. Fræðslunetið sótti um einn styrk í Þróunarsjóð Fræðslusjóðs atvinnulífsins og fékk hann. Eftirfarandi tveimur verkefnum lauk á árinu:

- Fjarkinn – rafrænt námsefni fyrir ferðapjónustu. Um er að ræða fjögur námskeið sem höfðu verið hönnuð í Fræðslunetinu og sneru að ferðapjónustu. Þremur af þeim var komið á rafrænt form.
- Ferðapjónn I – brúarnám í ferðapjónustu. Markmiðið var að útbúa námskrá fyrir nýja námsbraut í ferðapjónustu; Ferðapjónn. Námskráin byggir á hæfnigreiningum úr fyrra þróunarverkefni Fræðslunetsins.

Eitt eldra verkefni hélt áfram í vinnslu:

- Gæðastjórnun í fyrirtækjafræðslu. Markmiðið er að gera mólél ásamt handbók sem hjálpar fræðslumiðstöðvum að tryggja gæði við fyrirtækjapjónustu sína. Verkefnið er gert í samstarfi við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum.

Nýja þróunarverkefnið er eftirfarandi:

- Námskrá í ferðabjóni II. Markmiðið er að ljúka nýrri námskrá sem unnið hefur verið að tvö undanfarin ár. Stefnt er að því að fá vottun námskrárinnar í desember 2019.

Markaðs- og kynningarstarf

Talsvert var unnið í markaðs- og kynningarmálum á árinu. Áhersla er annars vegar á rafræna nálgun og hins vegar á mikinn fjölda persónulegra heimsóknna í fyrirtæki og stofnanir. Nánast allt kynningarefni og heimasíða er unnið af starfsmönnum Fræðslunetsins sjálfum enda er í þeirra röðum afar hæft fólk á þessum vettvangi. Kynningarefni þarf stöðugt að vera að uppfæra og í því liggur talsverð vinna.

Helstu tölur úr rafrænum samfélags- og upplýsingamiðlum Fræðslunetsins eru:

Vefsvæði Fræðslunetsins (www.fraedslunet.is)

Ár	Heim- sóknir	Flettingar
2017	15.933	37.397
2018	14.679	38.680
2019	5.498	16.340

Facebook og Instagram

Ár	Facebook Fylgjendur	Instagram Fylgjendur
2017	2.000	0
2018	2.631	53
2019	2.767	96

Heimsóknum á vefsvæði Fræðslunetsins fækkar verulega milli ára án þess að hægt sé að greina augljósa ástæðu þess. Fylgjendum á samfélagsmiðlum fjölga hinsvegar milli ára.

Gæðastarf og stefnumótun

Evrópska gæðamerkið (EQM+)

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur nú aukið við vottunarkerkið EQM og bætt við það vottun á raunfærnimati og vottun á námsráðgjöf. Heitir það nú EQM+.

Árið 2017 hóf Fræðslunetið yfirferð á öllum gæðaferlum og lauk að mestu mati á þeim þá um vorið. Nokkur bið var síðan á að Fræðslunetið kæmist að hjá matsaðila, sem varð til þess að vorið 2019 endurskoðaði Fræðslunetið alla gæðaferla sína.

Í september 2019 skilaði Fræðslunetið listum, svörum og rökstuðningi sínum til matsaðila og í október kom matsaðili í heimsókn. Matið gekk vel fyrir sig og fékk Fræðslunetið vottunina síðar um haustið.

Á árinu voru gæðahandbækur endurskoðaðar verulega og auknar enda hafði bæst við vottunina bæði raunfærnimat og námsráðgjöf.

Gæðaráð og innra mat

Á árinu var stofnað Gæðaráð Fræðslunetsins og fundaði það síðla árs. Gæðaráðið skipa framkvæmdastjóri og tveir verkefnastjórar. Ráðið vann að skipulagi innra mats og í árslok var gefin út áætlun um innra mat til þriggja ára.

Þá er eitt að hlutverkum ráðsins að fylgja eftir úrbótaáætlun sem gerð var í kjölfar ytra matsins; þ.e. EQM+.

Stefnumótun og greining

Nokkur rýningarvinna og stefnumótun fór fram í ýmsum málaflokkum meðal starfsmanna á árinu. Stefnumótunin fór nær undantekningalaust fram á starfsdögum, sem urðu alls fjórir.

Í lok ársins 2019 var starfsmannahandbók Fræðslunetsins endurskoðuð verulega og aukin og var tilbúin í árslok undir nafninu; Starfsmannahandbók 2020.

20 ára afmæli Fræðslunetsins

Saga Fræðslunetsins

Þann 28. ágúst 1999 gerðist sá merki atburður að Fræðslunetið var stofnað af félagasamtökum, fyrirtækjum, stéttarfélögum og sveitarfélögum á Suðurlandi. Með því eignuðust sunnlendingar formlegan fræðsluaðila sem ætlaður var til þess að styrkja einstaklinga á svæðinu til frekari starfsþróunar og menntunar.

Þótt tuttugu ár sé ekki hár aldur er þó vert að gefa gaum að þessu framfaraskrefi sem sunnlendingar stigu í ágúst 1999. Í því ljósi var ákveðið að taka saman sögu Fræðslunetsins þessi ár sem liðin eru annars vegar til að sem flestir gætu kynnt sér hvernig starfsemin hefur þróast og þjónað sunnlendingum og hins vegar til að varðveita með formlegum hætti sögu fullorðinsfræðslunnar í fjórðungnum.

Til verksins var fenginn Ásmundur Sverrir Pálsson kennari og fyrrverandi framkvæmdastjóri Fræðslunetsins til margra ára. Ásmundur hóf verk sitt 2018 og dróg saman af nákvæmni og elju fjöldann allan af upplýsingum og skjölum til verksins. Í framhaldinu spann hann þetta allt saman svo að til varð samfelldur texti, sem síðar var myndskreyttur með gömlum sem nýlegum myndum úr starfseminni. Að lokum sá fyrirtækið Kommastrik um umbrot á handritinu, sem endaði í um 40 blaðsíðum.

Strax í upphafi vinnunnar var ákveðið að ekki yrði útbúin „bók“, heldur var áherslan á sögulega samantekt í rafrænum búningi, sem yrði öllum frí til aflestrar. Með slíku fyrirkomulagi gætu fleiri nálgast söguna og fræðst um Fræðslunetið. Handritið má nú finna á vefsvæði Fræðslunetsins www.fraedslunet.is og er fólki frjálst að vista það hjá sér og deila til annarra.

Fríir fræðslufundir Fræðslunetsins

Á afmælisárinu var ákveðið að bjóða sunnlendingum upp á fría fyrirlestra um eitthvert málafni sem væri fólki hugleikið. Fyrir valinu varð að bjóða upp á fyrirlestur um loftslagsbreytingar, sem Elísabet B. Lárusdóttir framhaldsskólakennari á Laugarvatni tók að sér að framkvæma. Fyrirlesturinn fékk nafnið „Loftslagsbreytingar og einstaklingurinn“ og var haldinn á Selfossi, Hvolsvelli og á Höfn í nóvember.

Afmælislógó og kynningarefni

Í upphafi ársins var hannað af Steinunni Ó. Kolbeinsdóttur sérstakt afmælislógó fyrir Fræðslunetið sem sett var á allt efni og alla samfélagsmiðla. Þá var allt kynningarefni með nýja afmælislógóinu.